196. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í gegnum Teams

Mánudaginn 23. október 2023.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings kom inn á fund kl. 13:28. Gestur fundarins var Jóhannes Finnur Halldórsson ráðgjafi.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:00*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Undirbúningur fyrir fund með dómsmálaráðherra 14. nóvember kl. 15:00.* Jóhannes Finnur kynnti glærur sem notaðar verða á fundi með ráðherra. Glærurnar voru unnar í samráði við Ingvar, Guðmund Rafn og Smára og fjalla um samning um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða 2005-2009 sem síðan hefur verið framlengdur um fimm ár í senn. Mikil skerðing miðað við verðlag hefur orðið á tímabilinu og kynnti Jóhannes Finnur bæði þau vandamál sem við er að etja og hvernig má leysa þau. Næst kynnti Ingvar glærur sem fjalla um önnur fundarefni með ráðherra. Þ.e. rekstur Kirkjugarða Reykjavíkur, líkhúsmál, bálstofu og endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Glærum Jóhannesar Finns og Ingvars verður skeytt saman og þær sendar til fulltrúa Kirkjugarðaráðs fyrir fund með ráðherra.
3. *Engin önnur mál.*

Fundi var slitið kl. 13:50